



Staðall fyrir sjálfbæra skógrækt

Gunnlaugur Guðjónsson

Land og skógur (gulli@logs.is)

Staðall um sjálfbæra skógrækt (ÍST 95) er viðmiðunarstaðall fyrir sjálfbæra skógrækt á Íslandi. ÍST 95 lýsir samhengi skógræktar, setur fram viðmið stjórnvalda um sjálfbæra skógrækt, skilgreinir staðla og kröfur og leggur grunn að reglusetningu og eftirliti í faginu.

ÍST 95 er staðall fyrir skipulagningu, hönnun, stjórn og umhirðu sjálfbærra skóga á Íslandi og við gerð hans er byggt á alþjóðlega viðurkenndum vísindum og bestu starfsháttum. Kröfurnar í ÍST 95 skiptast í lagaskilyrði og kröfur um góðar starfsvenjur í skógrækt. Kröfurnar eru flokkaðar í mismunandi þætti sjálfbærrar skógræktar, sem eru: góðar starfsvenjur í skógrækt, líffræðileg fjölbreytni, loftslagsbreytingar, sögulegt umhverfi, landslag, fólk, jarðvegur og vatn.

Lagaskilyrði gefa það til kynna að uppfylla þarf þau atriði í löggjöf Íslands sem hafa bein áhrif á stjórnun skóga. Kröfur um góðar starfsvenjur í skógrækt gefa það til kynna að uppfylla þarf kröfur um sjálfbæra skógrækt, sem tengjast alþjóðlega samþykktum viðmiðum og skuldbindingum, í samræmi við stefnu Íslands. Kröfurnar samræmast stefnu skógræktaryfirvalda á Íslandi. Samhliða ÍST 95 verða gefnar út leiðbeiningar þar sem meginreglur hinna ýmsu þátta sjálfbærrar skógræktar eru útskýrðar nánar og bent á hvernig hægt er að uppfylla kröfur ÍST 95.

ÍST 95 er þróaður sérstaklega fyrir skóga og skógrækt á Íslandi. ÍST 95 á við um ýmsa starfsemi og aðstæður sem einkennt geta skógrækt á Íslandi. Mikilvægi krafanna er því breytilegt eftir aðstæðum á hverju svæði, einkum stærð skógarins, umfangi starfseminnar og markmiðum skógar-eigandans. ÍST 95 nær yfir allt umhverfi skógar, sem getur falið í sér opin svæði, vatnasvæði eins og ár, vötn og tjarnir en einnig botngróður í skógi auk trjána sjálfra.

Einnig skal tekið tillit til þess að skógrækt er langtímaverkefni og jafnvel þótt umbætur geti verið hluti af upphaflegum áætlunum getur tekið meira en eina lotu fyrir sumar aðgerðir að verða að veruleika.

